



Fréttatilkynning

03 January 2025 13:30:00 GMT

## Arion banki hf.: Útboð almennra skuldabréfa í íslenskum krónum þann 14. janúar 2025

**Arion banki heldur lokað útboð á almennum skuldabréfaflokki ARION 28 1215 þriðjudaginn 14. janúar 2025.**

ARION 28 1215 er verðtryggður flokkur almennra skuldabréfa (e. senior preferred) sem ber fasta 4,35% verðtryggða vexti með vaxtagreiðslum tvisvar á ári og var upphaflega gefinn út í desember 2023. Stærð flokksins er 12.060 m.kr. og lokagjalddagi er 15. desember 2028.

Fyrirkomulag útboðs verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð verða tekin á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ARION CBI 25 eiga þess kost að selja bréf í flokknum gegn kaupum í ofangreindu útboði. Hreint verð í skiptiútboðinu er 99,7832.

Áætlaður uppgjörsdagur er 21. janúar 2025. Greiða skal með reiðufé og/eða með skiptum á ARION CBI 25.

Útgáfan verður gefin út undir 3,0 milljarða evra Euro Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans. Grunnlýsingu EMTN rammans má nálgast [hér](#).

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á netfangið [skuldabrefamidlun@arionbanki.is](mailto:skuldabrefamidlun@arionbanki.is) fyrir kl. 16:00 þann 14. janúar 2025.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion banki hf.: Útboð almennra skuldabréfa í íslenskum krónum þann 14. janúar 2025](#)